

Skýrsla

Nafn verkefnis:	Textilmennt
Höfundur/höfundar:	M.K.
Tímabil:	Skólaárið 2006-2007
Árgangur/árgangar:	1. og 2. bekkur / sérdeild

Stutt lýsing á verkefninu:

Stefnt að því að taka mat einu sinni í mánuði . Ýmist matslista, gátlistar, sjálfsmat eða verkefni metið sem er í gangi og gefin umsögn strax.

Hvað gekk vel?

Skráning námsmats gekk vel þótt hún væri tímafrek Best fannst mér takast til þegar nem. fylltu út sjálfsmatsblað með verkefnalýsingu og ég gaf þeim umræðu um verkefnið og skriflega umsögn jafn óðum Sérdeildarstúlkum hentaði þetta mjög vel. Þessi sjálfsmatsblöð með mynd og matslistar fóru í sýnismöppur og foreldrar gerðu góðan róm að á foreldrafundum.

Hvað hefði mátt fara betur?

Ekki tókst mér alltaf að gefa öllum nem. mat og umræðu strax að verkefni loknu og þá fannst mér matið missa frekar marks. Tímafrekt.

Er hægt að nota verkefnið/námsmatið áfram? Er þörf á umbótum?

Já það hefur jákvæð áhrif ef manni tekst að koma matinu uppbyggjandi til nem. Spurning hve oft á að meta.?

Hvernig upplifðu nemendur verkefnið/breytt námsmat?

Þau fundu ef til vill ekki svo mikið fyrir breytingum vegna þess að munnlegt leiðsagnarmat er stöðugt í gangi. Þau voru mjög stolt af sjálfsmatsblaðinu sínu með mynd af sér þegar þau settu það í sýnismöppuna. Nem. leggja sig betur fram þegar þeir þurfa að meta sig á eftir. s. b. sérdeildin.

Hvaða áhrif hafði verkefnið/námsmatið á kennslu og kennsluhætti?

Það styður við markvissari vinnubrögð bæði hjá nemendum og kennaranum og gefur nem. foreldrum og kennara meiri vitneskju um stöðuna